



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogi, 28. apríl 2025.
Málsnr.1910005/PBG/HH

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum – mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög, 272. mál.

Í tilefni umsagnarbeiðnar sem barst með tölvupósti 14. apríl 2025 vilja Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) koma eftirfarandi á framfæri.

SSH hafa ítrekað bent á mikilvægi þess að vandað kostnaðarmat samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fari fram áður en lagafrumvörp, stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir ríkisins eru samþykktar. Er það þar af leiðandi jákvætt að framangreint frumvarp sé komið fram.

Að því sögðu vilja SSH þó gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að ef fyrirsjáanlegt er að stjórnarfrumvarp, stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skuli viðkomandi ráðherra tryggja að fram fari sérstakt mat á þeim áhrifum.

Að mati SSH er mikilvægt að tryggt sé að slíkt mat fari fram enda hefur það í einhverjum tilvikum misfarist, jafnvel þegar kostnaðarauki sveitarfélaganna vegna lagasetningar hefur að mati SSH virst augljós. Er því að mati SSH mikilvægt að kveðið sé á um úrræði sveitarfélaganna til að knýja á um að fjárhagsmat sé framkvæmt.

Í 6. mgr. frumvarpsins er fjallað nánar um framangreint en hún er svohljóðandi: *Komi í ljós að ekki hafi farið mat á fjárhagslegum áhrifum samkvæmt þessari grein og ljóst er að lagafrumvarp, stjórnvaldsfyrirmæli eða stefnumarkandi ákvarðanir ríkisins munu hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélag eða sveitarfélög skal viðkomandi ráðherra eiga frumkvædi að viðeigandi ráðstöfunum sem geta m.a. falið í sér breytingu á fjármögnum eða þjónustukröfum.* Orðalag 6. mgr. kveður ekki á um neina aðkomu sveitarfélaganna að því að slíkt mat fari fram en í athugasemdum með ákvæðinu í greinargerð segir þó: *Til að Samband íslenskra sveitarfélaga eða sveitarfélög geti farið fram á að viðkomandi ráðherra grípi strax til viðeigandi ráðstafana þarf að liggja fyrir að ekkert fjárhagslegt áhrifamat hafi verið unnið.* Virðist þannig gert ráð fyrir því að hlutaðeigandi sveitarfélög og Sambandið geti farið fram á gerð fjárhagslegs áhrifamats þó það komi ekki fram í frumvarpstextanum. Að mati SSH er hér um afar mikilvægt atriði að ræða og væri æskilegt að lagatextinn sjálfur, verði frumvarp þetta að lögum, endurspegli þennan mikilvæga rétt sveitarfélaganna.



Í fyrri drögum frumvarpsins, sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnvalda og SSH sendu umsögn vegna hinn 3. mars 2025 var gert ráð fyrir að sveitarfélög eða ráðuneyti gætu farið fram á endurmat Ríkisendurskoðanda á fjárhagslegum áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla og var ákvæði þess efnis svohljóðandi: *Viðkomandi ráðuneyti eða sveitarfélög geta að liðnum fimm eða tíu árum frá lagasetningu, setningu stjórnvaldsfyrirmæla eða samþykkt annarra stefnumarkandi ákvárdana, sem fela í sér veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga, farið þess á leit við Ríkisendurskoðanda að endurmat fari fram á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein. Leiði skoðun embættisins í ljós að fjármögnun lagasetningar, stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra stefnumarkandi ákvárdana, sé í verulegu ósamræmi við upprunalegt fjárhagslegt áhrifamat skal viðkomandi ráðherra eiga frumkvæði að viðeigandi ráðstöfunum. Þessar ráðstafanir geta meðal annars falið í sér tillögur um leiðréttingu á fjármögnun eða breytingu á þjónustukröfum. Um ákvörðun Ríkisendurskoðanda um hvort taka skuli beiðni til greina fer samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga.*

Í umsögn sinni dags. 3. mars 2025, gerðu SSH nokkrar athugasemdir við skýrleika þessa ákvæðis og þá tímafresti sem tilgreindir voru.

Þetta ákvæði er ekki lengur að finna í frumvarpinu en í umfjöllun um tilefni og nauðsyn lagasetningar í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis taki málið til meðferðar og leggi eftir atvikum til breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um ríkisendurskoðanda, samhliða samþykkt þessa frumvarps, nái það fram að ganga. Virðist því enn gert ráð fyrir því að kveðið verði á um endurskoðun fjárhagslegs áhrifamats en að mati SSH er það gríðarlega mikilvægt svo að frumvarp það sem hér liggur fyrir þjóni markmiðum sínum. Hefði þá einnig, að mati samtakanna, verið æskilegra hefði frumvarp þessa efnis verið sent til umsagnar samhliða frumvarpi því sem hér er til umsagnar, svo unnt væri að leggja heildstætt mat á tillagðar breytingar.

SSH lýsa sig svo að sjálfsögðu reiðubúin til að gera frekari grein fyrir umsögn sinni á fundi nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH